



## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Skrifstofa sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

---

### ***Svar við fyrirspurn um viðskipti borgarinnar við ráðgjafafyrirtæki***

Óskað hefur verið eftir svari við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins frá 9. mars sl. um viðskipti borgarinnar við ráðgjafafyrirtæki. Fyrirspurnin er eftirfarandi:

„Hvað hefur KPMG unnið mikið fyrir Reykjavíkurborg sl. 5 ár? Óskað er eftir lista yfir verkefni og kostnað við hvert og eitt þeirra. Hafa fleiri greiningarfyrirtæki unnið sambærileg verkefni fyrir Reykjavík sl. 5 ár og ef svo er hver eru þau og hvað hefur þeim verið greitt fyrir?“

#### **Svar:**

Í hjálagðri töflu eru samantekin viðskipti Reykjavíkurborgar við KPMG sl. 5 ár. Í fjárhagskerfi borgarinnar, Agresso, svo og í bókhaldi er ekki sérstaklega skilgreint hvað fellur undir hugtakið „greiningarfyrirtæki“ og því er ekki unnt að svara seinni málslíð fyrirspurnarinnar samkvæmt þeirri skilgreiningu.

Halldóra Káradóttir,  
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs.

*Hjálagt:*

Yfirlit yfir viðskipti við KPMG ehf. 2018 – mars 2023.



## Yfirlit yfir viðskipti KPMG ehf. 2018 – mars 2023

Verkefni	2018	2019	2020	2021	2022	2023
Endurskipulagning fjármála UTR			1.126.875	902.300		
Endurskoðun ársreiknings	9.066.495					
Flutningur flugvallarins í Hvassahraun					4.314.000	
Grandagarður 2, Alliance húsi	139.686				1.039.563	
Greining Bílastæðasjóðs			2.338.150			
Greining fyrir skilmálaeftirlit			2.237.650			
Greining fyrir skrifstofu framkvæmda og viðhalds			5.205.350			
Greining og verðmat Malbikunarstöðin Höfði					5.273.838	
Húsnæðisgreining borgarskjalasafns	764.562					
Hönnun upplýsingatækniinnviða					15.146.139	978.829
Ráðgjöf fyrir B-hluta fyrirtæki						1.675.846
Ráðgjöf um reikningsskil	1.948.232	0	1.232.250	490.975	493.500	
Ráðgjöf vegna B-hluta fyrirtækja	82.225					
Ráðgjöf vegna ferðamálastefnu		258.000				
Ráðgjöf vegna gestakorts	249.185					
Ráðgjöf vegna markaðsmála	203.210		1.283.593			
Ráðgjöf vegna samninga um öldrunarmál		2.170.725				
Ráðgjöf vegna skattmála			334.800	791.525		
Ráðgjöf vegna skipulags rekstrar og umhiðu					2.208.500	
Ráðgjöf vegna skipulagsmála			430.900			
Ráðgjöf vegna skjalastjórnunar					8.495.547	1.741.110
Ráðgjöf vegna stefnumótunar	608.953					
Ráðgjöf vegna sölu á Neyðarlínunni				70.000		
Ráðgjöf við sviðsmyndagreiningar	5.393.025					
Rýning á viðskiptaáætlun vegna Þjóðarleikvangs	4.340.999					
Stefnumótun Grasagarðs				1.321.875	350.625	
Stefnumótun USK			6.724.250			
Stjórnendafundur USK				830.850		
Uppfærsla á grænum ramma				1.500.000	3.500.000	0
Vegna Bjarkahlíðar	133.525					
Vegna Klettaskóla - úttekt og innleiðing					614.275	81.875
Verkefni um hagkvæmt húsnæði	2.103.150	1.040.125				
Vinna vegna ársreiknings	306.648					
Vinnustofa vegna grunnskóla					93.000	
<b>Samtals</b>	<b>25.339.895</b>	<b>3.468.850</b>	<b>20.913.818</b>	<b>5.907.525</b>	<b>41.528.987</b>	<b>4.477.660</b>